

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Fræðsluþjónusta Skagfirðinga  
Selma Barðdal Reynisdóttir

**Nafn skóla:** Árskóli

**Nafn verkefnis:** Vinaliðar

**Nafn verkefnisstjóra:** Selma Barðdal

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** 2012 - 2013

### **Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn**

Aðal markmið verkefnisins er að bæta samskipti og líðan nemenda í frímínútum. Boðið verður upp á fjölbreytt viðfangsefni og unnið að því að virkja alla nemendur til þátttöku. Hópur nemenda, vinaliðar, fær sérstaka þjálfun til að stýra og stjórna leikjum og stöðvavinnu í frímínútum.

### **Leiðir sem valdar voru til þess að ná markmiði**

Leitað var til höfuðstöðva verkefnisins eftir samstarfi og ráðgjöf við innleiðingu hér í Skagafirði. Höfuðstöðvar í Osló voru heimsóttar þar sem við fengum greinargóða kynningu á verkefninu. Einnig voru norskir grunnskólar heimsóttir sem hafa gengið í gegnum innleiðingarferlið og eru farnir að sjá afrakstur verkefnisins.

Stærsti þátturinn í því að ná settum markmiðum svo að innleiðingin gengi vel var að aðlagða norska efnið að okkar aðstæðum. Þýða þurfti upplýsingahefti og leikjahandbækur, staðfæra og aðlagða að þeim aðstæðum sem við búum við.

Verkefnið var kynnt vel fyrir öllu starfsfólki grunnskólanna og í framhaldi voru haldnar kynningar á því fyrir nemendur og foreldra. Einnig fór starfsfólk allra skólanna ásamt nemendum á leikjanámskeið þar sem leikirnir voru kenndir og fengum við Norðmennina til þess að koma og stýra þessum fyrstu leikjanámskeiðum.

Í hverjum skóla var skipaður verkefnisstjóri sem hélt utan um verkefnið. Hlutverk verkefnastjóranna var að sjá um starf vinaliðanna sem voru valdir, funda með þeim reglulega og vera þeim innan handar í frímínútum. Einnig sáu verkefnastjórar um allt annað skipulag í kringum verkefnið í sínum skóla. Verkefnisstjórar á hverjum stað funduðu svo reglulega með verkefnisstjóra Vinaliðaverkefnisins, Selmu Barðdal, til þess að tryggja samræmingu og upplýsingagjöf til allra ásamt því að efla samvinnu skólanna.

Þegar undirbúningsvinnu og kynningum á verkefninu var lokið var farið af stað í grunnskólunum með því að velja nemendur í hlutverk vinaliða og setja verkefnið formlega í gang.

Í allri undirbúningsvinnu og sömuleiðis í innleiðingarferlinu var lögð áhersla á að vinna í samstarfi við höfunda verkefnisins til þess að tryggja að allt yrði unnið á sem bestan hátt frá upphafi.

## **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Verkefnið var framkvæmt að mestu eins og áætlun gerði ráð fyrir. Segja má að við höfum þó tekið verkefnið skrefinu lengra. Við erum núna að þýða og staðfæra sambærilegt efni fyrir unglingana og ætlum okkur að fara af stað með þá næsta haust í okkar skólum. Einnig höfum við gert samning við Norðmenn um að verða leiðandi aðilar í þessu verkefni hér á landi. Við höfum nú þegar sent út bæði tölvupósta og kynningarbréf til allra íslenskra grunnskóla þar sem við bjóðum upp á kynningar og ráðgjöf um verkefnið. Nú þegar eru um tíu skólar sem eru ákveðnir í að taka þátt og einhverjir sem vilja gjarnan fá frekari kynningar. Árskóli hefur tekið að sér verkefnisstjórnina og kemur því til með að halda utan um þessa skóla, útvega allt efni, aðstoða við innleiðingu, halda leikjánaðmskeið fyrir nemendur og starfsfólk og uppfæra upplýsingar eftir þörfum.

## **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Segja má að helstu hindranir hafi verið tímaskortur. Það tók okkur heldur lengri tíma að þýða og staðfæra leikjahandbók og upplýsingahefti en við höfðum gert ráð fyrir og sömuleiðis má segja að kostnaðurinn við þessa vinnu hafi líka verið meiri en áætlun gerði ráð fyrir í upphafi.

## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:**

Verkefnið hefur skilað skjótum og sýnilegum árangri á mjög skömmum tíma. Þegar undirbúningsvinnu var lokið og innleiðingin í skólunum hófst fóru hlutirnir að gerast mjög hratt. Á fyrsta leikjánaðmskeiðinu fengu vinaliðar mjög skýr skilaboð frá náðmskeiðshöldurum um hvað það þýðir að vera vinaliði, hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hversu mikil upphæfð felst í því að vera valin af bekkjarfélögum sínum. Þetta gerði það að verkum að frá upphafi þykir nemendum spennandi að vera vinaliðar og mikil ásókn er í vinaliðahlutverkin.

Allt frá því að vinaliðar fóru að setja upp leiki í frímínútum og stýra og stjórna leikjum ásamt því að hvetja alla krakka til þess að taka þátt, mátti merkja mun á stemningunni í frímínútum. Það tók ekki nema örfá skipti að fá krakkana til þess að átta sig á hvernig hlutirnir virkuðu og kveikja áhuga þeirra á að taka þátt. Til frekari útskýringar má t.d. nefna að í Árskóla, sem er stærsti skólinn hér í Skagafirði, hefur það komið nokkrum sinnum fyrir að sparkvöllurinn á skólalóðinni stendur auður sökum þess að allir krakkar eru uppteknir í leikjum í frímínútum og hér á staðnum eru margir fótboltakrakkar og mikil fótoltamenning.

Það er óhætt að segja að við séum að upplifa glaðari krakka í frímínútum, mun færri ágreiningsmál á milli nemenda og mun sjaldnar eru nemendur að láta sér leiðast vegna þess að þeir hafa ekkert að gera eða hafa engan til þess að vera með. Einnig má segja að starf skólaliða í frímínútum hafi orðið bæði auðveldara og ánægjulegra en áður.

Með verkefninu hefur samstarf skólanna hér í Skagafirði aukist, bæði vinna skólarnir saman að skipulagningu og ákveðinni hugmyndavinnu, sömuleiðis eru sameiginleg leikjanámskeið fyrir bæði starfsfólk skólanna og nemendur. Þegar hverju vinaliðatímabili lýkur gera skólarnir sér glaðan dag saman með öllum vinaliðunum. Þannig fá þeir ákveðna umbun fyrir vel unnin störf og aukin tækifæri til að kynnst betur og gera eitthvað skemmtilegt saman.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Ákvörðun var tekin um að frá upphafi skyldi verkefnið metið með reglubundnum hætti. Upphaflega hugmyndin var sú að meta verkefnið samkvæmt Gæðagreinum, sjálfsmatskerfi skólanna í Skagafirði, en í samstarfinu við Norðmenninga komumst við að því að þeir höfðu leitað eftir samstarfi við Olweusaráætlunina í þessu skyni. Þeir höfðu fengið að setja inn spurningar er snúa beint að Vinaliðaverkefninu inn í árlega könnun sem lögð er fyrir nemendur í norskum grunnskólum og starfa undir merkjum áætlunarinnar.

Grunnskólarnir þrír hér í Skagafirði sem taka þátt í verkefninu starfa allir undir merkjum Olweusaráætlunar gegn einelti og því var ákveðið að gera slíkt hið sama og Norðmenn. Farið var þess á leit við framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar hér heima, Þorlák Helgason, að hefja samstarf með sama hætti. Grunnskólarnir í Skagafirði fengu því klæðskerasaumaða Olweusarkönnun í nóvember síðastliðnum þar sem spurningar er snúa beint að Vinaliðaverkefninu voru settar fram.

Niðurstöður úr könnununum sýna afar jákvæðar niðurstöður um Vinaliðaverkefnið í öllum skólunum þremur. Nemendur segja marga skemmtilega leiki í boði í frímínútum og þeir taka almennt þátt í leikjunum sem í boði eru. Meirihluti nemenda segir jafnframt að þeim líði vel eða mjög vel í frímínútum. Áætlað er að verkefnið verði metið með sama hætti að ári.

### **Niðurstöður verkefnisins**

Árangur verkefnisins hefur verið góður og markmiðum hefur verið náð. Skapast hefur annars konar andi í frímínútum og sömuleiðis hefur samstarf aukist á milli grunnskólanna hér í Skagafirði.

Verkefnið er rétt á byrjunarreit, næsta haust verður farið af stað með unglíngana í okkar skólum þannig að við munum þá fá reynslu af þeirri vinnu sem við getum síðar miðlað til annarra skóla.

Nú þegar er búið að kynna verkefnið víða, bæði hafa skólar komið og heimsótt okkur hingað í Skagafjörðinn og fengið kynningar og einnig höfum við nýtt öll þau tækifæri sem við höfum fengið til þess að kynna verkefnið. Þeir skólar sem hafa nú þegar ákveðið að taka þátt fá kynningar fyrir sitt starfsfólk næsta haust og sömuleiðis höfum við áform um áframhaldandi kynningar fyrir skólafólk almennt.

Árskóli hefur tekið að sér umsjón verkefnisins. Skipað hefur verið teymi sem heldur utan um verkefnið hér í firðinum ásamt útbreiðslu á landsvísu. Verkefnisstjórnir í grunnskólunum þremur munu áfram sinna sínum störfum úti í skólunum ásamt því að hittast með verkefnisstjórn eða teyminu reglulega.

### **Áætlun um kynningu á afrekstri verkefnisins**

Við lítum svo á að sá árangur sem náðst hefur með tilkomu verkefnisins hér í Skagafirði og jákvæðar undirtektir meðal starfsfólks skólanna, nemenda og foreldra sýni það að Vinaliðaverkefnið er komið til með að vera mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Eins og fram hefur komið erum við þegar farin að kynna verkefnið m.a. til annara skóla og ýmis áform eru um frekari kynningar á því.

### **Annað gagnlegt**

Hafi fólk áhuga á að kynna sér verkefnið frekar er hægt að fara inn á heimasíðu Árskóla <http://www.arskoli.is> og skoða upplýsingar um Vinaliðaverkefnið þar.

Einnig er velkomið að hafa samband við Árskóla og óska eftir að fá að koma í heimsókn og skoða verkefnið eða panta kynningu í ykkar skóla.

Umsjónarmaður Vinaliðaverkefnisins er Inga Lára Sigurðardóttir s. 4551100

[ingalara@arskoli.is](mailto:ingalara@arskoli.is)

